

AÐSKOTAHLUTUR Í ÖNDUNARVEGI

Barn yngra en 1 árs

Ef barnið er með meðvitund skaltu leggja það á grúfu yfir framhandlegg þinn þannig að höfuðið sé lægra en brjóst-kassinn og slá 5 sinnum ákveðið milli herðablaðanna. Ef það dugar ekki snúðu barninu við og láttu það liggja áfram með höfuðið lægra en brjóst-kassinn og þrýstu 5 sinnum á miðjan brjóst-kassann með tveimur fingrum einni fingurbreidd fyrir neðan geirvörtur. Ef barnið missir meðvitund skaltu hringja í 112 og hefja endurlífgun.



Barn eldra en 1 árs

Ef barnið er með meðvitund reyndu að fá barnið til að hósta kröftuglega. Ef aðskotahluturinn losnar ekki stattu fyrir aftan barnið og sláðu með flötum lófa þéttingsfast mitt á milli herðablaðanna 5 sinnum. Ef það dugar ekki skaltu grípa fram fyrir kvið barnsins rétt ofan við nafla og þrýsta snögg inn og upp á við 5 sinnum. Endurtaktu ferlið þar til aðskotahluturinn losnar eða barnið missir meðvitund. Ef barnið missir meðvitund skaltu hringja í 112 og hefja endurlífgun.



ENDURLÍFGUN

Barn yngra en 1 árs

Hnoðaðu með tveimur fingrum á miðjan brjóst-kassann einni fingurbreidd neðan við geirvörturarnar. Hnoðaðu 30 sinnum og blástu 2 til skiptis. Haltu öndunarveginum opnum með því að halla höfðinu litillega aftur og blása inn um nef og munn samtímis. Blásið hefur verið nægjanlega þegar brjóst-kassi rís. Hnoða skal 100 sinnum á mínútu.



Barn eldra en 1 árs

Hnoðaðu á miðjan brjóst-kassann mitt á milli geirvartanna með annarri hendi. Hnoðaðu 30 sinnum og blástu 2 til skiptis. Haltu öndunarveginum opnum með því sveigja höfuðið aftur, klemmdu fyrir nefið og blástu í munn barnsins. Blásið hefur verið nægjanlega þegar brjóst-kassi rís. Hnoða skal 100 sinnum á mínútu.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 570 5900 • Fax 570 5901
skrifstofa@landsbjorg.is • www.landsbjorg.is

ER ÖRYGGI BARNANNA TRYGGT Á ÞÍNU HEIMILI?

Í þessum bæklingi eru gagnlegar upplýsingar um þann búnað sem hægt er að fá til að minnka líkur á slysum á börnum í heimahúsum. Flest slys á ungum börnum verða í heimahúsum en með góðum öryggisbúnaði má koma í veg fyrir mörg þeirra.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

ÖRYGGI BARNNA

Nauðsynlegt er að kynna sér vel hvernig hægt er að gera heimilið að öruggum stað fyrir börnin

Einfaldar lausnir

Flest slys á börnum verða í heimahúsum en hægt er að koma í veg fyrir mörg þeirra með sérstökum öryggisbúnaði sem hér er sýndur. Þessi búnaður hefur margsannað gildi sitt, en rétt er þó að benda á að hann kemur aldrei í stað eftirlits fullorðinna heldur auðveldar þeim að gera heimilið barnvænna.



Hlíf fyrir bakaraofn

Á sumum bakaraofnum hitnar gleríð það mikið að börn geta brennt sig illa.



Lok yfir eldavélatakka

Kemur í veg fyrir að börn geti snúið tökkunum og kveikt á eldavélahellum.



Öryggishlíf fyrir eldavél

Hindrar að börn komist að heitum pottum og pönnum á eldavélinni.



Öryggislæsing á skápa

Hindrar að börn komist í hættuleg efni, eins og hreinsiefni, eða annað sem getur verið hættulegt börnum.



Öryggislæsing

Á hurðir, skápa eða skúffur. Til að festa innan í skápinn eða skúffuna. Hindrar að börn komist í hættuleg efni og annað sem þar er.



Skápalæsing

Utanálggjandi skápalæsing.



Hurðafesting

Heldur hurðinni opinni. Kemur í veg fyrir að barnið geti lokað hurðinni.



Hurðastoppari á gólfi

Hindrar að hurðin lokist og kemur þannig í veg fyrir að barnið klemmi sig.



Fingravinur

Settur á hurðina. Hindrar að hurðin geti lokast á fingur.



Læsing fyrir bakaraofn

Hentar einnig á suma örbylgjuofna.



Hálkuvörn

Í baðker og sturtubotna til að koma í veg fyrir fall.



Baðhitamælir

Nauðsynlegt er að mæla hita baðvatnsins áður en barnið er sett ofan í til að fyrirbyggja bruna. Baðvatn ungabarns á að vera 37° - 37,5°C



Skápalæsing

Utanálggjandi skápalæsing. Má einnig nota á skúffur.



Kokkhólfur

Samsvarar kokstærð barna yngri en 36 mánaða. Ef dót kemst ofan í hólkin mega yngstu börnin ekki leika með það.



Rafmagnssnúrustyttir

Kemur í veg fyrir að rafmagnssnúður hangi niður og því geta börn ekki togað yfir sig rafmagnstæki.



Fingravinur

Smeygt yfir hurðalámir til að hurðin lokist ekki alveg.



Fingravinur í hurðarfals

Kemur í veg fyrir að börn klemmi sig í hurðarfalsinu.



Snúrustyttir

Fyrir garðinubönd. Hindrar að börn veifi snúrum utan um hálsinn.



Öryggislæsingar

Í innstungur. Kemur í veg fyrir að skörpum hlutum sé stungið í innstungur.



Barnavaki

Notaður til að hlusta eftir barninu í vagninum eða í öðru herbergi.



Öryggislæsing á ísskápa

Kemur í veg fyrir að börn geti opnað ísskápin.



Beisli

Kemur í veg fyrir að börn falli úr barnavögnum, kerrum, matarstólum og innkaupakerrum.



Hornhlífar

Hlíf á hvöss horn sem eru í andlitshæð barna.



Barnaspeglill í bíla

Til að auðveldara sé að fylgjast með barninu í aftursæti bílsins.




Gluggalæsing

Kemur í veg fyrir að barnið geti opnað glugga of mikið.



Hillu / skápaveggfesting

Til að festa hillur, skápa og kómmóður við vegg. Mikilvægt í barnaherbergjum og á jarðskjálftasvæðum.



Öryggishlið

Fyrir stiga- og hurðarop til að hindra aðgang barna að tröppum og herbergjum.

ANNAR ÖRYGGISBÚNAÐUR SEM ER Í BOÐI

- **Lyfjaskapur**, öll lyf á að geyma í læstum skáp.
- **Vertu hér band**, til að koma í veg fyrir að barn tynist þótt það fái aukilið svigrúm.
- **Sóhlíf** í bíla, dregur úr hættu á sólstungum.

- **Net yfir barnavagna**, hindrar að skordýr og kettir komist að barninu.
- **Næurljós**, fyrir börn sem eru myrkfælin og þau sem þurfa að fara um að næurlagi.
- **Endurskin á barnavagna og börn**, til að sjást betur í myrkri.